



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 2/2016

## Ákvörðun um dagsektir vegna auðkennisins Loftið

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Með ákvörðun Neytendastofu nr. 58/2014, hinn 19. desember 2014 var Boltabarnum ehf. bönnuð notkun auðkennanna Loft, Loftið, Loftbarinn og lénsins loftidbar.is til auðkenningar á starfsemi sinni. Neytendastofu hafði borist kvörtun frá keppinautum Farfluglar ses sem rekur m.a. Loft Bar.

Boltabarinn kærði ákvörðun Neytendastofu og hinn 8. október 2015, úrskurðaði áfrýjunarnefnd neytendamála í máli nr. 2/2015, „Kæra Boltabarsins á ákvörðun Neytendastofu nr. 58/2014“. Með úrskurðinum var staðfest hin efnislega ákvörðun Neytendastofu. Í úrskurðarorðunum kemur fram að hin kærða ákvörðun sé staðfest að því leyti að kæranda sé bönnuð notkun auðkennisins Loftið í núverandi mynd.

##### 2.

Með bréfi Neytendastofu til Boltabarsins ehf., dags. 16. nóvember 2015, var athygli Boltabarsins vakin á því að ekki yrði séð að Boltabarinn hefði gert ráðstafanir til þess að verða við ákvörðun Neytendastofu, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála. Óskaði Neytendastofa eftir skýringum og athugasemdum Boltabarsins áður en tekin yrði ákvörðun af því tilefni, sbr. úrræði stofnunarinnar í IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

##### 3.

Með tölvubréfi Boltabarsins til Neytendastofu, dags. 24. nóvember 2015 var óskað eftir auknum fresti til svara þar sem ekki hefði tekist að afla allra gagna og upplýsinga. Var aukinn frestur veittur til 7. desember 2015.

Með bréfi Neytendastofu til Boltabarsins, dags. 8. desember 2015, var athygli Boltabarsins vakin á því að þrjú mánuðir væru liðin frá uppkvaðningu úrskurðarins. Ekki yrði séð að Boltabarinn ehf. hafi gert fullnægjandi ráðstafanir til þess að verða við ákvörðun



Neytendastofu, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála og engar skriflegar athugasemdir hafi borist Neytendastofu.

Ljóst væri að forskeytinu *Jacobsen* hefði verið bætt við auðkenni Boltabarsins en merkið í hinni breyttu mynd hefði þó ekki verið fyllilega innleitt í markaðsstarfsemi félagsins. Boltabarninn notist enn við lénið loftidbar.is og sé veitingastaður Boltabarsins enn markaðssettur á vefsíðunni undir eldra heiti og merki, þ.e. Loftið. Þá sé enn fjallað um veitingastaðinn Loftið í markaðssetningu og kynningarefni Boltabarsins, til að mynda á kynningarsíðu félagsins á Facebook. Þá hafi Boltabarninn ehf. ekki fært sönnur á að fullnægjandi breytingar hafi verið gerðar á auðkennum Boltabarsins á veitingastaðnum sjálfum. Af því tilefni væri áréttað mikilvægi þess að brugðist verði við ákvörðun Neytendastofu og áfrýjunarnefndar neytendamála með fullnægjandi hætti. Neytendastofa óskaði á ný eftir fullnægjandi breytingum á auðkennum Boltabarsins og/eða skýringum eða athugasemdum frá félaginu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Ekkert svar barst Neytendastofu innan tilskilins frests.

## II. Niðurstaða

Með ákvörðun Neytendastofu var Boltabarnum ehf. bönnuð öll notkun auðkennanna Loft, Loftið, Loftbarinn og lénsins loftidbar.is til auðkenningar á starfsemi sinni, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005. Boltabarninn ehf. kærði ákvörðunina til áfrýjunarnefndar neytendamála sem lauk málinu með úrskurði í máli nr. 2/2015. Úrskurðarorð áfrýjunarnefndar neytendamála voru svohljóðandi:

*„Hin kærða ákvörðun er staðfest að því leyti að kæranda er bönnuð notkun auðkennisins Loftið í núverandi mynd“*

Í úrskurði áfrýjunarnefndar kom jafnframt fram að ekki væru skilyrði til að banna Boltabarnum alla notkun umrædds auðkennis eða auðkennisins Loft, líkt og gert hafi verið í hinni kærðu ákvörðun. Yrði enda ekki slegið föstu að allar mögulegar birtingarmyndir umrædds orðs séu til þess fallnar að valda ruglingshættu. Var hin kærða ákvörðun því staðfest að því leyti að Boltabarnum væri bönnuð notkun auðkennisins Loftið í núverandi mynd. Samkvæmt athugun Neytendastofu á vefsíðu og markaðssetningarefni Boltabarsins, þann 8. janúar 2016 hafa enn ekki verið gerðar fullnægjandi breytingar á auðkennum félagsins svo að þær séu í samræmi við úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála.

Í 23. laga nr. 57/2005 segir:



*„Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Neytendastofa ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.“*

Í máli þessu liggur fyrir að Boltabaráinn ehf. hefur ekki farið að úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 2/2015, dags. 8. október 2015. Að því virtu og þar sem engar athugasemdir eða skýringar hafa borist frá Boltabarnum vegna málsins telur Neytendastofa að nauðsynlegt sé að beita viðurlögum samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/2005 til að tryggja eðlilega viðskiptahætti.

Verði ekki farið að ákvörðun Neytendastofu, nr. 58/2014, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 2/2015 frá 8. október 2015 innan fjórtán daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar þykir Neytendastofu hæfilegt, að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsluréttarins og jafnræðis við sektir í öðrum sambærilegum málum, að leggja á Boltabaráinn ehf. dagsektir að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Boltabaráinn ehf., Austurstræti 9, Reykjavík, hefur með áframhaldandi notkun auðkennisins Loftið í þeirri mynd sem félaginu var bannað að nota, brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 58/2014, sbr. og úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 2/2015.**

**Boltabaráinn ehf. skal innan fjórtán daga frá dagsetningu ákvörðunar gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fara að ákvörðun Neytendastofu nr. 58/2014, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 2/2015. Verði það ekki gert innan tilskilins frests mun Neytendastofa leggja dagsektir á Boltabaráinn, með heimild í 23. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Skal Boltabaráinn ehf. frá þeim tíma greiða í ríkissjóð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu nr. 58/2014, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 2/2015.“**

Neytendastofa, 21. janúar 2016

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir